

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, tengivegur frá Þjórsárdalsvegi og þéttbýlið við Árnes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í því að lega fyrirhugaðs tengivegar frá Þjórsárdalsvegi yfir Þjórsá og inn á Landveg færast um 3 km til vesturs með 300 m langri tvíbreiðri brú yfir Þjórsá nokkuð ofan við Búðafoss. Lengd vegarins í heild er 7,5 km og nær til tveggja sveitarfélaga. Einnig breytast mörk þéttbýlis við Árnes með skerðingu á iðnaðarsvæði vegna tilfærslu tengivegarins. Opið svæði stækkar því lítillega til vesturs. Aðkoma að iðnaðarsvæði verður frá tengivegi. Gert er ráð fyrir hringtorgi innan Árness fyrir enda tengivegarins.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 1. mars 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2010